



Alþingi  
Erindi nr. P 138/1916  
komudagur 4.5.2010



## SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi  
Efnahags- og skattanefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 3. maí 2010

**Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum. 138. löggjafarþing. 591. mál.**

Ákvæði þessara frumvarpa eru í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, dags. 25. júní 2009, í tengslum við gerð stöðugleikasáttmálans um almenna lögfestingu iðgjalds launagreiðenda í Starfsendurhæfingarsjóð, auk framlaga lífeyrissjóða og ríkisins. Upphafleg fyrirheit um lögfestingu þessara gjalda voru gefin í yfirlýsingu þáverandi ríkisstjórnar, dags. 17. febrúar 2008, í tengslum við kjarasamninga á almennum markaði.

Frumvörpin fela í sér að iðgjald launagreiðenda til Starfsendurhæfingarsjóðs verði 0,13% af heildarfjárhæð greiddra launa og lífeyrissjóðir greiði 0,13% af iðgjaldastofni sínum sjóðsins frá 1. júlí 2010. Þá skal ríkið greiða 0,13% af gjaldstofni tryggingagjalds til sjóðsins frá 1. júlí 2013 en fram til þess tíma greiðir ríkið sjóðnum 750 m.kr. Hingað til hafa þeir einir greitt til sjóðsins sem bundnir hafa verið af því með aðild að kjarasamningum.

Meginmarkmið með starfsemi Starfsendurhæfingarsjóðs er að koma í veg fyrir að starfsfólk hverfi varanlega af vinnumarkaði vegna veikinda, slysa eða annara ástæðna, t.d. langvinnu atvinnuleysis. Því fyrr sem unnt er að koma fólki til aðstoðar þeim mun meiri líkur eru á árangri. Kostnaður vegna veikinda og langtímafjarveru frá vinnumarkaði er gífurlegur og má í því sambandi minna á mikla fjölgun öryrkja undanfarin ár og að fjöldi þeirra er svipaður og fjöldi atvinnulausra. Má í því sambandi minna á ummæli Jain Holmes, bresks sérfræðings í starfsendurhæfingu, á aðalfundi Starfsendurhæfingarsjóðs fyrr í þessum mánuði í þá veru að öll fjarvera af vinnumarkaði (veikindi, atvinnuleysi, félagsþjónusta, örorka) kostaði breska samfélagið meira en rekstur heilbrigðiskerfisins. Verkefnið er hins vegar flókið og kostnaðarsamt en til mikils að vinna ef vel tekst til.


Uppbygging Starfsendurhæfingarsjóðs hefur verið af sumum verið gagnrýnd fyrir að stuðla að „tvöföldu kerfi“. Lögfesting réttinda allra launamanna og allra virkra og óvirkra sjóðfélaga lífeyrissjóða til þjónustu sjóðsins nær nánast til allra landsmanna. Endurhæfingarþjónusta fyrir þá sem vegna alvarlegrar færniskerðingar hafa ekki starfsreynslu á vinnumarkaði getur ekki flokkast undir starfsendurhæfingu og því ekki

hætta á tvíverknaði. Starfsemi sjóðsins er ný þjónusta sem kemur ekki í staðinn fyrir neitt sem fyrir var, miklar vonir eru bundnar við árangur af þessu starfi og starfsemin hingað til lofar góðu, en árið 2009 var fyrsta heila starfsár sjóðsins.


Samtök atvinnulífsins styðja umrædd frumvörp og hvetja til þess að þau verði samþykkt.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

  
Hannes G. Sigurðsson,  
aðstoðarframkvæmdastjóri

f.h. Samtaka iðnaðarins

  
Sigurður B. Halldórsson, hrl.